

Sveitafélagið Árborg
Bæjarráð Árborgar
Austurvegi 2
800 Selfoss

Undirritaður óskar eftir að yfirtaka samning Árborgar (þá Stokkseyrarhreppur) sem var gerður við Raunvísindastofnun Háskólans, dagsettur 14 Desember 1993 um leigu á landi sbr. meðfylgjandi uppdrátt.

Undirritaður mun eignast allan búnað sem er á landinu og hús samkvæmt samkomulagi við RHÍ og núverandi eiganda búnaðarins (Lancaster University, Lancaster UK)

Óskað er eftir að samningur sé gerður til 10 ára, og framlengist sjálfkrafa um 10 ár ef engar athugasemdir eru gerðar. Geri ráð fyrir að kjörin verði þau sömu.

Ef verulegar vanefndir verða á samningi þessum er hvorum aðila heimilt að rifta honum með þriggja mánaða fyrirvara. Til verulegra vanefnda teljast meðal annarra brot á ákvæðum samnings þessa.

Undirritaður tekur á sig sömu skuldbindingar og RHI, fjarlægja allt af landinu og skila því í viðunandi ástandi þegar starfsemi er lokið.

Lýsing á framtíðarnýtingu stöðvarinnar:

Undirritaður er áhugamaður um fjarskipti, radióamatör (e. Ham radio). Þetta er áhugamál, en er leyfisskipt frá PFS og fjallar reglugerð 348/2004 um starfsemina. Í grunninn er þetta grasrótastarf í fjarskiptum, en við tökum einnig þátt í neyðarfjarskiptum, fræðslu og kennslu í fjarskiptum, og ýmislegt annað. Einnig eru haldnar alþjóðlegar keppnir – þar sem við keppumst við að hafa sambönd um allan heim. Í dag er orðið erfiðara að halda úti fjarskiptum t.d. á stuttbylgju – mikið erum um truflanir frá raftækjum, erfitt fyrir marga sem búa í þéttbýli að setja upp loftnet. Þessi staðsetning er frábær – langt frá öllum raftækjum og truflar engan. Við getum fjarstýrt stöðinni, og getur því radióamatör í blokk notað stöðina. Í keppnum munum við líklega vera á staðnum, mögulega hópur 5-10 amatöra og ef vel gengur gætu erlendir amatörar heimsótt okkur og fengið að nota stöðina. Þessi stöð væri gríðarlega lyftistöng fyrir okkur hér á Íslandi. Það væri næsta skref að stofna félag í kringum stöðina. Amatörradíó er non-profit – enginn rekstur verður í kringum þetta.

Það mun lítið breytast á staðnum. Engar nýjar byggingar eða mannvirki verða reist. Loftnetum mun fækka töluvert á næstunni.

Ég mun áfram gefa rafmagn til hestamanna fyrir girðingar og halda landinu snyrtilegu.

Virðingarfyllt



Benedikt Sveinsson
Einarsnes 42a
102 Reykjavik
030176-3169